



Reykjavík, 28. maí 2020

R20050203

6631

óm

## Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Rekagrandi 14- Eiðsgrandi - leikskóli- deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 28. maí 2020 var lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs dags. 14. maí 2020 sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 13. maí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda, miðsvæði , vegna lóðarinna nr. 14 við Rekagrandi. Í breytingunni felst að lóð leikskólans stækkar ásamt því að girðingu verður breytt, afmarkaður er annar vegar byggingareitur fyrir færانlegar stofur og hins vegar byggingareitur fyrir möguleika á stækkun núverandi leiksóla til suðurs og vesturs ásamt því að 4 bílastæði í borgarlandi auk snúningsreit verður aflagt, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs frá 21. apríl 2020.

Borgarráð samþykkti erindið

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að fjölgja leikskólaplássum í Eiðsgranda upp í 91. Það er fagnaðarefnin enda hefur íbúðum fjölgæð í vesturbænum á undanförnum árum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur í greinargerð með deiliskipulagsbreytingum að fækka á bílastæðum um fjögur. Skortur er á bílastæðum fyrir utan suma leikskóla í Reykjavík. Áhyggjur vakna vegna stefnu meirihlutans að fækka bílastæðum fyrir utan leikskóla þar sem erfitt er að lifa bíllausum lífstíl í Reykjavík. Foreldrar koma með börn sín á bíl nema þeir búi skammt frá og geta gengið með þau eða hjólað. Þegar komið er með börnin í leikskóla á álagstínum eru stundum engin stæði laus og þarf þá að bíða í götunni þar til stæði losnar, aðstæður sem geta skapað hættu. Í gögnum segir einnig að leggja á af snúningsreit eða snúningsás. Að leggja af snúningsás er ekki til bóta fyrir þá sem koma á bíl. Ef reglur um fjölda bílastæða í Reykjavík eru skoðaðar segir að gera eigi

ráð fyrir 0,2 – 0,5 bílastæði á starf, og gera þarf ráð fyrir mun fleirum stæðum þ.m.t. sleppistæðum við leikskóla og lægri deildir grunnskóla þar sem meiri líkur eru á að börnum í neðri deildum er skutlað í skólann. Mælt er með því að helmingur stæða séu yfirbyggð. Fjöldi stæða skal vera 0,4 stæði/starfsmann og 20 stæði/100 nemendur. Við grunnskóla eiga að vera stæði fyrir starfsmenn plús sleppistæði allt að 60 á 100 nemendur samkv. reglum.



Helga Björk Laxdal  
e.u.